

Allherjarnefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík

Sendandi:
Dýralæknafélag Íslands,
Sif Traustadóttir, formaður
Pósthólf 10263,
110 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2008

Efni: Umsögn við mál nr. 130 Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands

Dýralæknafélag Íslands vill leyfa sér að koma með fjölbreyttar athugasemdir við frumvarpið og benda á ýmsa vankanta sem hlutust af síðustu lagabreytingu (nr.76/2005) sem gerð var á lögum nr.66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr þegar “Landbúnaðarstofnun” var sett inn í stað “yfirdýralæknir”. Nú þegar til stendur að setja “Matvælaeftirlit” inn í stað “Landbúnaðarstofnun” verða þessir vankantar enn ljósari.

Dýralæknafélag Íslands vekur athygli á að dýralæknar eru heilbrigðisstarfsmenn og sérfræðingar í dýrasjúkdómum og dýravernd. Félagið leggur á það ríka áherslu að löggjafinn festi í lög að yfirdýralæknir hafi yfirumsjón með öllu því er varðar réttindi og skyldur dýralækna, dýralækningar og heilbrigði dýra.

Hér eru nefnd nokkur dæmi um núverandi vankanta sem verða enn verri eftir breytingu skv. frumvarpinu:

- Matvælaeftirlitið gefur dýralæknum leyfi til að stunda dýralækningar á Íslandi og getur svipt þá læknisréttindum, hvoru tveggja án þess að hvorki yfirdýralæknir né dýralæknaráð þurfi a gefa umsögn um slíkt (6.gr. + 18.gr.lög nr. 66/1998).
- Dýralæknum ber skylda að tilkynna Matvælaeftirlitinu þegar þeir hyggjast hefja dýralæknisstörf, flutning og starfslok þar með talið dýralækna sem annast eingöngu lækningar gæludýra (6.gr. lög nr. 66/1998).
- Dýralæknum ber að gefa Matvælaeftirlitinu árlega skýrslu um læknisstörf sín, þar með talið sjúkdóma sem ekkert hafa með matvæli að gera auk læknisstarfa á gæludýrum (9.gr 66/1998).
- Dýralæknum ber að tilkynna Matvælaeftirlitinu tafarlaust um alvarlega smitsjúkdóma, þó þeir hafi ekkert með matvæli að gera, t.d. “smitandi fósturlát”, “hundafár” o.s.frv. (9. gr. Lög nr. 66/1998).
- Umhverfisráðherra getur sett reglugerð um flutning og aflífun dýra annara en búfjár að höfðu samráði við Matvælaeftirlitið (11. + 14. gr.,Lög nr. 15/1994).

Að ofangreindu má vera ljóst að fagleg afgreiðsla á málefnum er varða dýralækna, heilbrigði dýra og dýravernd er ekki tryggð þar sem ekki kemur fram í lögnum hvaða fagaðili innan stofnunarinnar skuli fjalla um þessi mál.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvarpið:

XIX Kafli

28. grein

Komi: “yfirdýralækni” í stað “Matvælaeftirlitið”

29. grein

Komi: “yfirdýralækni” í stað “Matvælaeftirlitið”

XXIII Kafli

35. grein

b-liður falli brott en komi sem ný málsgrein sem orðist svo:

“Yfirdýralæknir annast opinbert eftirlit með smitsjúkdómum bjúfjár samkvæmt lögum þessum”.

Rök: Fjöldi smitsjúkdóma í búfé er ótengdur matvælum, s.s. smitsjúkdómar í refum og minnkum auk annara sjúkdóma í hefðbundnu búfé s.s. fjárkláði, hitasótt í hestum, veiruskita í kúm ofl.

XXXI Kafli

63. grein

b-liður verði endurskoðaður samkvæmt athugasemdum hér að neðan, þar sem

Dýralæknafélag Íslands getur engan veginn sætt sig við að yfirdýralæknir hafi ekki yfirumsjón með öllu því er varðar dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum nr. 66/1988 með síðari breytingum:

4. gr. 3. mgr.

Komi: “skulu vísa” í stað “geti vísað”.

Hlóðar þá svo: Sömu aðilar og taldir eru í 2. mgr. skulu vísa ágreiningsmálum varðandi dýralæknisþjónustu til ráðsins.

5. gr. 1. mgr.

Komi: Matvælaeftirlit/yfirdýralæknir

Hljóðar þá svo: Matvælaeftirlitið er ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða en yfirdýralæknir um allt er varðar heilbrigðismál dýra.

5. gr. 2. mgr.

Komi: Matvælaeftirlit/yfirdýralæknir

a-liður Hljóðar þá svo: Matvælaeftirlitið annast yfirstjórn og eftirlit með störfum dýralækna er varðar matvælaframleiðslu, en yfirdýralæknir annast yfirstjórn og eftirlit með störfum dýralækna sem leyfi hafa til að stunda dýralækningar er varða dýrasjúkdóma, lækningar og ávísanir lyfja.

b-liður Hljóðar þá svo: Matvælaeftirlitið annast yfirumsjón með öllu er varðar hollustu dýrafóðurs og eftirlit þar að lútandi en yfirdýralæknir með öllu er varðar heilbrigðismál dýra.

c-liður Hljóðar þá svo: Matvælaeftirlitið annast yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum, heilbrigði búfjárafurða og framleiðslu mjólkur en yfirdýralæknir hefur yfirumsjón með heilbrigði búfjár.

d-liður Hljóðar þá svo: Yfirdýralæknir annast yfirumsjón með sjúkdómavörnum dýra, forvörnum, fræðslustarfi varðandi búfjárjúkdóma, innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðafnis og útgáfu opinberra heilbrigðisvottorða þar að lútandi, en Matvælaeftirlitið annast yfirumsjón með innflutningi og útflutningi búfjárafurða og útgáfu opinberra heilbrigðisvottorða þar að lútandi.

e-liður Hljóðar þá svo: Matvælastofnun annast skipulagningu, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi heilbrigðisskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu mjólkur, en yfirdýralæknir varðandi dýrasjúkdóma. Yfirdýralæknir skal einnig afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra en Matvælaeftirlitið um hollustu dýraafurða í öðrum löndum eftir því sem nauðsyn krefur og sjá um árlega útgáfu heilbrigðisskýrsla.

6. gr. 1. mgr.

Komi nákvæmari lýsing á hvað þarf að uppfylla til að fá að kallast dýralæknir á Íslandi. Hljóðar þá svo: Þeir einir eru samkvæmt lögum þessum taldir dýralæknar sem fengið hafa viðurkenningu til að starfa sem dýralæknir í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða í aðildarríki stofnssamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem viðurkenndur er af yfirdýralækni að fenginni umsögn dýralæknaráðs.

6. gr. 2. mgr.

Hljóðar þá svo: Þeir einir mega stunda dýralækningar hér á landi sem uppfylla ákvæði 1. mgr. og fengið hafa leyfi ráðherra.

6. gr. 3. mgr.

Komi “yfirdýralæknir” í stað “Matvælaeftirlit”

Hljóðar þá svo: Yfirdýralæknir heldur skrá yfir dýralækna sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar.

6. gr. 4. mgr.

Komi “yfirdýralæknir” í stað “Matvælaeftirlit”

Hljóðar þá svo: Dýralækni er skylt að tilkynna yfirdýralækni:

6. gr. 5. mgr.

Komi “yfirdýralæknir” í stað “Matvælaeftirlit”

Hljóðar þá svo: undir stjórn dýralæknis ef yfirdýralæknir mælir með því.

9. gr. 5. mgr.

Komi: “yfirdýralæknir” í stað “Matvælaeftirlit”

Hljóðar þá svo: Hann skal tafarlaust tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og gera í samráði við hann ráðstafanir sem þurfa þykir.

9. gr. 6.mgr.

Komi: “yfirdýralæknir” í stað “Matvælaeftirlit”

Hljóðar þá svo: Dýralækni ber að gera árlega skýrslu um læknisstörf sín og senda yfirdýralækni. Hann setur reglur um hvaða upplýsingar skýrslurnar skuli geyma.

18. gr.

Endursamin í stað nógildandi. og komi: “yfirdýralæknir” í stað “Matvælaeftirlit”

Hljóðar þá svo: Uppfylli dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, ekki lengur þær kröfur sem gerðar voru er læknisleyfi var veitt, svo sem vegna bilunar á andlegri heilsu, misnotkunar vímuefna eða hann vanræki skyldur sínar og störf, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti alvarlega í bága við fyrirmæli sem dýralæknum er skylt að starfa eftir ber yfirdýralækni að áminna hann og greina ráðherra frá málavöxtum. Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi skal þá ráðherra leita álits dýralæknaráðs og má hann svipta viðkomandi dýralækni lækningaleyfi að fullu eða um tiltekinn tíma, ef dýralæknaráð leggur það til.

Rök: Það óásættanlegt að ráðherra geti svipt dýralækni leyfi til lækninga án þess að bera málið hvorki undir yfirdýralækni né dýralæknaráð.

XXXII Kafli

64. grein

b-liður verði endurskoðaður í heild sinni þar sem Dýralæknafélag Íslands telur að yfirdýralæknir eigi að hafa yfirumsjón með öllu því er varðar dýrasjúkdóma, sbr. lög nr. 25/1993 með síðari breytingum.

Þessi lög fjalla fyrst og fremst um dýrasjúkdóma, aðeins að litlu leyti um dýraafurðir. Eins og sést best á sjúkdómalistanum í viðaukunum er aðeins brot af þeim sjúkdómum sem löggin taka til sem hafa áhrif á matvæli eða hættu á smiti í fólk. Þar sem löggin taka til sjúkdóma í öllum dýrum kemur einkennilega út að í stað yfirdýralæknis standi nú Landbúnaðarstofnun enn ankannalegra væri ef stæði Matvælaeftirlitið. Leggur því Dýralæknafélag Íslands til að í lögum um dýrasjúkdóma komi yfirdýralæknir í stað Matvælaeftirlits hvarvetna nema það varði matvælaöryggi.

XXXVII Kafli

69. grein

b-liður í 6. grein laganna standi “yfirdýralæknir” áfram.

XXXVIII Kafli

70. grein

d-liður í stað “Matvælaeftirlitið eða fulltrúi þess” komi “yfirdýralæknir eða fulltrúi hans”

Rök: Yfirdýralæknir á að hafa yfirumsjón með dýrasjúkdómum.

XLI Kafli

73. grein

Í stað “Matvælaeftirlit” komi “yfirdýralæknir”.

XLII Kafli

74. grein

Í stað “Matvælaeftirlit” komi “yfirdýralæknir” í öllum nefndum tilvikum.

Rök: Yfirdýralæknir á að hafa faglega umsögn um allt er varðar dýralyf og notkun þeirra, sbr. landlæknir fyrir hönd lækna.

XLIII Kafli

75. grein

b-liður í stað “Matvælaeftirlit” komi “yfirdýralæknir” í 2. mgr. 13. greinar laga um dýravernd.

Athugasemdir hafa verið gerðar við aðrar breytingar hér að ofan, sjá XIX Kafli.

XLV Kafli

77. grein

Í stað “Matvælaeftirlitið” komi “yfirdýralæknir”.

Rök: Margir dýrasjúkdómar sem ógnað geta almannaheill eru ekki tengdir matvælum s.s. fuglaflensa, hundaæði ofl.

XLVI Kafli

78. grein

b-liður í stað “Matvælaeftirlit” komi “yfirdýralæknir”.

Rök: Lögin fjalla um varnir gegn fisksjúkdómum ekki um matvæli.

Að síðustu leggur Dýralæknafélag Íslands til að hin nýja stofnun samkvæmt frumvarpinu verði nefnd: **Matvæla- og dýraheilbrigðisstofnun** þar sem það lýsir megin viðfangsefnum hennar. Matvælaeftirlit er villandi nafngift.